



## Ylva og Daníel láta í sér heyra fyrir norðan

Daníel Jón og Ylfa Marín verða fulltrúar FG í Söngkeppni framhaldsskólanna, sem fer fram á Akureyri um helgina. Þar munu þau flytja lagið Litla systir, sem er eftir Daníel.

Þau sigruðu söngkeppni NFFG, sem haldin var í febrúar síðastliðnum.

Búist er við hörkukeppni fyrir norðan og við óskum Daníel og Ylfu góðs gengis.



Hér má sjá [myndband frá MBL](#) um lag Daníels með viðtali við þau og lagið sjálft.

NFFG stendur ekki fyrir hópferð til Akureyrar að þessu sinni. Þeir nemendur FG sem fara norður eru því á eigin vegum.



HG nemendur í Amsterdam

## Aðalfundur foreldraráðsins

Aðalfundur foreldraráðsins var haldinn miðvikudaginn 30. mars. Farið var yfir könnun sem foreldraráðið lagði fyrir forráðamenn nemenda FG. Kom þar margt forvitnilegt í ljós og verða helstu niðurstöður birtar á heimasíðu NFFG.

Tveir nýir komu inn í foreldraráðið og er það nú þannig skipað:

Kolbrún Þ. Pálsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir  
Ragnar Marteinnsson  
Sigríður Einarsdóttir  
Delia Kristín Howser

Að loknum aðalfundarstörfum kom Hörður Oddfríðarson, dagskrárstjóri hjá SÁÁ og ræddi um kannabis, helstu einkenni og neyslumynstur.

## HG- hópurinn kominn heim frá Hollandi

Hópur fyrsta árs nema úr HG hópi Kristínar Helgu Ólafsdóttur er nýkominn frá Amsterdam þar sem heimsóttur var skólinn "Het Amsterdam Lyceum". Íslensku krakkarnir gistu heima hjá hollenskum nemendum og var gestrisni þeirra slík að ætla mætti að konungborið fólk væri á ferðinni.

Á morgnana fengu HG nemendur kennslu í skólanum m.a. í hollensku, stærðfræði, sögu og efnafræði. Eftir hádegi fór allur hópurinn saman á söfn, í skoðunarferðir um Amsterdam og í dýragarðinn. Það má með sanni segja að ferðin hafi tekist í alla staði mjög vel og það eina sem kom upp á var einstaka hælssæri eftir miklar göngur og aumur rass eftir hjólaferðir. Þessir tveir hópar náðu einstaklega vel saman og þegar kom að kveðjustund þurfti að reka á eftir íslensku krökkunum inn í rútna sem keyrði hópinn á Schiphol.

Í október munu hollensku krakkarnir koma til Íslands og þá mun HG hópurinn endurgjalda gestrisnina.

[Myndir frá ferðinni.](#)